



TENGLANET UM UPPLÝSINGA-
OG MIÐLALÆSI

#4 Hatur og áreiti á netinu

Fræðslumyndband (7:20 mín)

Stutt og hnitmiðuð fræðslumyndbönd eru frábær til að kveikja gagnrýna hugsun og umræður!

Fræðslumyndbandið **Hatur og áreiti á netinu** (7:20 mín) inniheldur upplýsingar úr víðtækri [rannsókn Fjölmiðlanefndar og Menntavísindastofnunar Háskóla Íslands](#) meðal barna og ungmenna á aldrinum 9 - 18 ára vorið 2021. Hvað get ég gert þegar að einhver fer yfir mín mörk á netinu? Hér kynnum við okkur reglur um sendingar og deilingar nektarmynda og hvert er hægt að leita þegar að brotið er á okkur á netinu. Í flestum tilfellum eru það ókunnugir einstaklingar á netinu sem biðja börn um nektarmyndir. Rætt er við dr. Maríu Rún Bjarnadóttur verkefnisstjóra gegn stafrænu ofbeldi hjá Ríkislögreglustjóra. Ásamt því fáum við að heyra upplifun ungmenna úr Ungmennaráðum Samfés og Samtakanna '78.

Hatur og áreiti á netinu er megin umræðuefnið, samskipti, ókunnugir, dreifing nektarmynda, varnir á miðlunum og staðir þar sem tilkynna má um óæskilegt efni. Stuðningsefnið er hugsað einkum fyrir miðstíga en ef ekki hefur verið farið í efnið með eldri nemendum er sjálfsagt að gera það.

Undirbúningur

Skref 1

Kynntu þér efni fræðslumyndbandsins

Skoðaðu þá staði í myndbandinu sem þú telur mikilvægt að staldra við (pause) og ræða frekar við nemendur.

Skref 2

Kynntu þér staðreyndir um Hatur og áreiti á netinu í nýlegri íslenskri rannsókn Fjölmiðlanefndar [Kynferðisleg komment og nektarmyndir](#) Samantekt er fremst.

Með nemendum fyrir áhorf

Skref 3

Lykilspurning: Hvað er neteinelti og hvað getur þú gert til að stöðva það?

Verkefni: [Glærur](#)

Til að afrita glærur er farið í "Skrá" og "Búa til afrit".

Glæra nr. 6: inniheldur fræðslumyndband á ensku sem hægt er að undirbúa áhorf á með því að glósa hugtök með nemendum og ræða innihaldið. Þannig er efni fræðslumyndbandsins samþætt við enskukennslu.

Glæra 9: Veggspjald eða varpa upp á skjá. Kennari eða ritari samræðuhópa skráir inn í glærana svör við spurningunum.

Glæra 12: Saga Söndru er á [vinnublaðinu](#) sem fylgir með

Skref 4

Verkefni: [Glæsur](#) og [Vinnublað](#) sem undirbúið er í skrefi 3 er notað í samræðum með nemendum.

Skref 5: Sýning á myndbandinu **Hatur og áreiti á netinu** (7:20 mín)

Með nemendum eftir áhorf

Skref 6

Tölulegar staðreyndir sem koma fram í myndbandinu - upplagðir punktar í samræður:

- Fimmtungur nemenda á unglíngastigi hefur séð hatursskilaboð gagnvart minnihlutahópum, áætlanir um slagsmál og leiðir til að skaða sig líkamlega á netinu á undanfögnu ári.
- Fjórdungur nemenda á unglíngastigi hefur rekist á ógnvekjandi myndir þar sem verið er að skaða menn og dýr og umræður um leiðir til að grenna sig verulega (t.d. með búlimíu og lystarstoli) á netinu á undanfögnu ári.

Á unglíngastigi (8.-10. bekk grunnskóla) hafa:

- 25% stráka og 42% stelpna fengið sendar nektarmyndir
- 22% stráka og 51% stelpna fengið beiðnir um nektarmyndir
- 30% stráka og 64% stelpna fengu beiðnir um nektarmyndir frá ókunnugum
- 8% stráka og 12% stelpna hafa sent nektarmyndir af sér
- 3 af 10 barna á miðstigi og 7 af 10 á unglíngastigi hafa samþykkt vinabeiðnir frá ókunnugum.

Skref 7

Samræður og verkefni tengt efni fræðslumyndbandsins - meginpunkta samræðu má ljóma upp með skráningu í tölvu sem varpað er á vegg, skráningu á veggspjald eða á töflu. Spurningunum og verkefnunum er ætlað að virkja gagnrýna hugsun og rökhugsun meðal nemenda um hatur og áreiti á netinu.

Í fræðslumyndbandinu komu ofangreindar tölfræðiupplýsingar fram. Hægt er að vinna með hlutfall og prósentur í þessu sambandi og varpa því myndrænt upp eða biðja nemendur að vinna sjónrænt með eftirfarandi staðreyndir að eigin vali. Gefa þarf nemendum upp heildarfjölda stelpna og stráka sem tóku þátt í [rannsókninni](#).

Hvernig líður þeim sem fá sendar nektarmyndir eða kynferðislegar myndir á netinu án þess að biðja um það? Hvað haldið þið?

Skref 8

Vinabeiðnir.

Er í lagi að samþykkja vinabeiðnir frá ókunnugum? Hvað þarf að varast? Hvað gerum við þegar við fáum slíka beiðni?

Vinátta á netinu.

Lykilspurning: Hvernig vitum við hvort vinátta á netinu er örugg?
Verkefni: [Glærur](#) og [Vinnublað](#)

Tölfræði: 3 af 10 barna á miðstigi og 7 af 10 á unglíngastigi hafa samþykkt vinabeiðnir frá ókunnugum.

Skref 9

Hatur og skaðleg umræða.

Hvað getum við gert ef við verðum vitni að hatri eða skaðlegri umræðu á netinu t.d. um líkamsskaða eða lystarstol?

Benda nemendum á að eiga **samtal við fullorðinn** sem þau treysta: foreldra/kennara/starfsfólk félagsmiðstöðva, þjálfara o.fl

[Ábendingalína Barnaheilla](#) og [112](#) Starfsfólk hefur verið þjálfað til að taka á móti ábendingum. Einnig hægt að tilkynna beint til lögreglu á viðkomandi svæði.

Efnið í þessum hluta gæti reynst einhverjum nemendum erfitt og kallað fram óvæntar tilfinningar og viðbrögð. Höfum það í huga og bjóðum uppá samtal eftir tímann ef einhver á erfitt.

Skref 10

Sáttmáli

Hvernig getur **sáttmáli** um jákvæða notkun samfélagsmiðla litið út?

Hér getur verið tækifæri til að skoða fyrirliggjandi sáttmála bekkjarins og endurbæta hann ef hann inniheldur ekki atriði um notkun samfélagsmiðla. Ef ekki er til bekkjarsáttmáli nú þegar, að gera hann á þessum tímapunkti.

Skref 11

Upprifjun - Umræða dregin saman með því að fara yfir verkefni nemenda og spyrja nemendur að lokum hvort þau vilji bæta einhverju við.

Skref 12

Ekki fóðra þiskinn. Lykilspurning: Hvernig getur þú forðast netveiðara?
Verkefni: [Glærur](#) og [Vinnublað](#)

Fleiri verkefni sem tengjast efni myndbandsins

Skref 13

[Hver ertu á netinu?](#) Hvað þýðir það í raun „að vera þú sjálf/ur/t á netinu“? Þetta eru djúpar pælingar fyrir börn á miðstigi grunnskólans.

Fyrir börn í dag, þá skipta þessar spurningar máli þegar þau eru á netinu líka. Hér er nemendum hjálpað að kanna það af hverju sumt fólk býr til annað sjálf eða aðra persónu fyrir sig sjálft á netinu og á samfélagsmiðlum.

Eftir þessa kennslustund munu nemendur geta:

- Gert grein fyrir ástæðum af hverju fólk býr til falsa reikninga á samfélagsmiðlum.
- Greint falsa samfélagsmiðlareikninga.
- Rökrætt kosti og galla þess að birta færslur frá mörgum mismunandi reikningum.

Skref 14

Verndarar og vinir.

Lykilspurning: Hvernig getur þú brugðist við ef þú upplifir (eða verður vitni að) neteinelti?

[Glærur](#)

Verndarar og vinir: Að grípa til aðgerða gegn neteinelti - Kevin og José [Verkefnablað](#)

Verndarar og vinir: Að grípa til aðgerða gegn neteinelti - Mia [Verkefnablað](#)

Ítarefni

[Vinátta](#) verkefni með spjaldtölvum.

[Myndbirtingar](#) - veggspjald.

[Olweusar eineltishringurinn.](#)

